

Vísindavefurinn



Titill Ný bók: Máttur tómarúmsins: Higgs-eindin fundin

Frétt


Út er komin bókin *Máttur tómarúmsins: Higgs-eindin fundin* eftir Lisu Randall í þýðingu Baldurs Arnarsonar og Sveins Ólafssonar, sem einnig ritar inngang.

Lisa Randall er prófessor í eðlisfræði við Harvard-háskóla og einn þekktasti eðlisfræðingur samtímans. Bókin fjallar um þýðingu þess að hin leyndardómsfulla Higgs-eind kom í leitirnar við Evrópsku rannsóknamiðstöðina í öreindafræði (CERN) um mitt ár 2012. Lesendur kynnst meginatriðum uppgötvunarinnar og fá innsýn inn í það hvernig fundurinn kann að leiða til nýrra svara um alheiminn og ráðgátur hans.

Eindin hefur verið kölluð „Guðseind“, en í formála þýðenda kemur fram að Randall sé ekki ýkja hrifin af þeirri nafngift. Fundur eindarinnar hefur úrslitaáhrif á skilning okkar á „tömu rúmi“. Á bókarkápu kemur fram að það sé í raun og veru ekki tómt heldur sé í því fólgin máttur, Higgs-sviðið, sem gefur öreindum massa. Án þess væru atómin og efnisheimurinn eins og við þekkjum hann ekki til. Higgs-eindin er birtingarmynd sviðsins og með fundi hennar lýkur tæplega hálfra aldar leit sem hófst á því að hópur eðlisfræðinga með Peter Higgs (f. 1929) fremstan í flokki gat sér til um tilvist eindar sem gerir það stærðfræðilega mögulegt að útskýra hvers vegna efnið í alheiminum hefur massa.

Vísindavefurinn greindi frá fundi Higgs-eindarinnar í **júlí** (<http://visindavefur.hi.is/article.php?id=184>). **Fleiri greinar** (<http://visindavefur.is/svar.php?id=48934>) um leitina að **Higgs-eindinni** (<http://visindavefur.is/svar.php?id=2352>) hafa birst á Vísindavefnum á undanförunum árum.

Það er mikill fengur að íslensk þýðing á nýju verki um merkustu uppgötvanir í eðlisfræði samtímans sé komin út. Þrátt fyrir að verkið sé aðgengilegt fyrir almenna lesendur má sérstaklega hrósa skýringarmyndum og texta inngangs Sveins Ólafssonar og íslensk-enskum orðskýringum í lok bókarinnar. Allar nánari upplýsingar um bókina má finna á heimasíðu **Tífstjörnunnar** (http://asimov.raunvis.hi.is/~conference/Hawking/Mattur_tomarumsins.html).



Forsíða bókarinnar *Máttur tómarúmsins: Higgs-eindin fundin*.

Um þessa spurningu

Dagsetning

Útgáfudagur 6.12.2012

Flokkur:

[Vísindafréttir \(?gettype=news_is\)](#)

Tilvísun

Ritstjórn Vísindavefsins. „Ný bók: Máttur tómarúmsins: Higgs-eindin fundin“. *Vísindavefurinn* 6.12.2012. <http://visindavefur.is/article.php?id=202>. (Skoðað 10.2.2013).

Höfundur

Ritstjórn Vísindavefsins

Prenta

[Prenta frétt \(javascript:window.print\(\)\)](#)

Facebook

[Senda á Facebook \(#\)](#)